

AUGLÝSING

um umferð í Búðardal.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, og að fenginni tillögu hreppsnefndar Dalabyggðar, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Búðardal:

1. Umferð á Brekkuhvammi, Miðbraut og Sunnubraut, víki fyrir umferð á Vesturbraut.
2. Umferð á Miðbraut víki fyrir umferð á Búðarbraut – Ægisbraut.
3. Umferð á Gunnarsbraut, Dalbraut og Borgarbraut, víki fyrir umferð á Miðbraut.
4. Umferð á Gunnarsbraut, beggja vegna Sunnubrautar, víki fyrir umferð á Sunnubraut.
5. Umferð á Bakkahvammi, Lækjarhvammi og Stekkjarhvammi, víki fyrir umferð á Brekkuhvammi.
6. Umferð á Dalbraut víki fyrir umferð á Gunnarsbraut.
7. Umferð á Iðjubraut víki fyrir umferð á Vesturbraut.

Ofangreindar breytingar á umferð verða gefnar til kynna með viðeigandi umferðarmerkjum.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Sýslumaðurinn í Búðardal, 5. mars 1996.

Ólafur Stefán Sigurðsson.

Nr. 256

24. apríl 1996

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 12. gr. reglugerðarinnar:

Við greinina bætast tveir nýir töluliðir sem orðast svo:

6. Þjónustu vaktstöðva vegna samræmdrar neyðarsímsvörunar.
7. Vinnu við sérstök verkefni sveitarfélaga eða á ábyrgð þeirra, sem efnt er til með styrk Atvinnuleysisstryggingasjóðs, til að fjölga atvinnutækifærum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Ákvæði 7. tölul. fellur úr gildi 1. janúar 1997.

Fjármálaráðuneytinu, 24. apríl 1996.

F. h. r.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Hermann Jónasson.